

Alþingi  
Erindi nr. P 123/1174  
komudagur 1.3.1999

TA/25.2.1999  
Þskj. 113 - 113. mál  
123. löggjafarþing.

### Þjónustukaup

Viðskiptaráðuneytið hefur að ósk efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis farið yfir þær umsagnir sem nefndinni hafa borist um frumvarp til laga um þjónustukaup, sbr. 113. mál á 123. löggjafarþinginu. Tillögur um breytingar á frv. bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Neytendasamtökunum (NS)
2. Verslunarráði Íslands (VÍ)
3. Samtökum Iðnaðarins (Samt. Iðn.)
4. Lögmannafélagi Íslands (LMFÍ)
5. Ritara efnahags-og viðskiptanefndar (nefndarritara).

Hér á eftir verður af hálfu ráðuneytisins tekin afstaða til þeirra breytingartillagna sem koma fram í umsögnum ofangreindra aðila.

#### I. Almenn t um frumvarpið:

Aths. nefndarritara:

1. Bent er á að orðanotkun í frumvarpinu megi bæta þegar talað er um „veitta þjónustu“, „útselda þjónustu“ eða „selda þjónustu“ án nokkurs merkingarmunar og hægt er að tala einungis um „þjónustu“ sem skilgreind er í 1. gr. Lagt er til að breyting verði gerð á orðanotkun til samræmis við þetta.

Ráðuneytið telur að framangreind athugasemd sé réttmæt en það reyndist vandfundið við samningu frv. að finna orðalag sem þótti henta jafnvel í öllum tilvikum. Það kann þó að vera unnt að nota t.d. alltaf í frv. orðalagið „*Þjónusta sem lög þessi taka til*“ eða einfaldlega orðið „*þjónusta*“ í þeim tilvikum þar sem það á við.

2. Ráðuneytið er ekki sammála því sjónarmiði að ekki verði réttarbót af samþykkt þessa frumvarps heldur þvert á móti muni ákvæði þess verða til þess að skapa mun meira aðhald við sölu á þjónustu þeirri sem frv. þetta tekur til. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frv. þá er aðalhvatin fyrir því að lagt er fram frv. um þetta efni, að það þótti brýnt að leysa úr sívaxandi þörf fyrir reglur sem gætu greitt úr réttarágreiningi á þessu sviði og þar með komið í veg fyrir kostnaðarsöm málaferli. Umsvif aukast sífellt, viðhald og viðgerðarþjónusta af margvíslegu tagi skiptir einstaklinga sífellt meira máli. Ljóst er þó að ákvæði þessa frv. muni ekki frekar en ákvæði t.d. kaupalaga, útrýma með öllu réttarágreiningi og er þess að vænta að í einstaka tilvikum muni þurfa að láta reyna á mál fyrir dómstólum með nákvæmlega sama hætti og gildir um nánast öll önnur lög sem sett eru í landinu.

## II. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

### 1. gr.

Aths. VÍ:

Ekki er talin ástæða vera til að bæta við orðinu “einnig” fyrir aftan orðið “og”, enda er ætlunin að frv. nái ekki til annars konar þjónustu en þeirrar sem talin er upp í 1. mgr.

Eins og fram kemur í aths. við 1. gr. er ekki að því stefnt að telja upp með tæmandi hætti þær þjónustugreinar sem frv. er ætlað að taka til. Vandséð er því að unnt sé að orða 1. mgr. með öðrum hætti en gert er í frv.

### Aths. um 4. tl. 1. mgr.

Aths. NS:

Ekki þykir ástæða til að fella hvers kyns ráðgjafarþjónustu undir ákvæði frv. Á öðrum Norðurlöndum hefur ráðgjafarþjónusta ekki verið felld inn í lög um þetta efni. Hér er hins vegar talið eðlilegt vegna tengsla hennar við viðgerðarþjónustu á fasteignum sem falla mun undir ákvæði frv. að láta ákvæði þess taka til slíkrar ráðgjafar. Það er mikilsvært ef iðnaðarmenn fara í einu og öllu eftir sérfræðiráðgjöf sem keypt hefur verið og þar sem gerðar eru tillögur um viðgerðina, val á efni, o.s.frv. að slíkir sérfræðingar beri ábyrgð á ráðgjöf sinni, en ábyrgð verði ekki alfarið lögð á þann sem verkið hefur unnið (iðnaðarmanninn) ef verkið reynist gallað.

Einnig verður að líta svo á að með ákvæðinu er verið að taka sérstaklega fram að við mat á gallaðri þjónustu við vinnu á fasteignum þá beri að líta til ráðgjafarþjónustu sem keypt var og veitt í því sambandi. Ekki ber að líta svo á að með ákvæðinu séu allir aðrir aðilar sem sinna ráðgjafarstörfum af ýmsu tagi leystir undan ábyrgð sem þeir kunna að bera á verkum sínum að mati dómstóla, ef því er að skipta.

Aths. nefndarritara, sbr. 3. mgr. 1. gr:

Ráðuneytið tekur undir að umorða þurfi skilgreininguna á “neytanda”, t.d. með þeim hætti sem nefndarritari leggur til, e.t.v. með viðbót sbr. eftirfarandi:

*“Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans”.*

### 2. gr.

Aths. VÍ:

Ekki talin ástæða til að breyta orðalagi greinarinnar.

### 4. gr.

Aths. VÍ:

Ekki ástæða til að breyta orðalagi eða fella út orðið “allar”.

### 5. gr.

Aths. VÍ:

Ekki er ástæða til að telja að það sé of íþyngjandi að gera þá kröfu að farið sé eftir stjórnvaldsreglum, einnig stöðlum, enda séu um bindandi fyrirmæli að ræða að nota þá.

**6. gr.**

Aths. Samt. Iðn:

Ekki er fallist á að við lestur 6.gr. sé auðvelt að “ruglast í ríminu”. Hins vegar ef ekkert slíkt ákvæði væri í frumvarpinu er útskýrði nánar hvað fælist í “leiðbeiningarskyldu seljanda” þá þvert á móti væri veruleg hættu á að mjög margir gætu ruglast í ríminu og hefur ákvæðið því veigamiklu hlutverki að gegna “þegar leysa þarf úr ágreiningi sem kann að rísa um kaup á þjónustu og uppgjör aðila í því sambandi”, sbr. orð athugasemda við þessa grein.

Loks skal tekið fram að ákvæðið í 7. gr. er nauðsynlegt til þess að skapa jafnvægi milli skyldna seljanda og kaupanda þjónustu og verða þær að standa saman með þeim hætti sem gert er í frv.

Aths. VÍ:

Ekki er talið til bóta að gera þær breytingar sem VÍ leggur til á 6. og 7. gr. frv. og ákvæðin fela að öllu leyti í sér eðlilegar viðmiðanir sem dómstólar myndu ugglaustr taka mið af í dómsmáli þó ekki nyti skráðrar reglu um það atriði. Ákvæðið er því ekki íþyngjandi fyrir seljendur þjónustu og þvert á móti munu veita þeim mikilvæga leiðsögn um hvaða atriði þeim ber að hafa í huga við framkvæmd verks og hvert sé inntak þeirrar leiðbeiningarskyldu sem að sjálfsögðu á þeim hvílir þó ólögfest sé (ennþá).

**7. gr.**

Aths. Samt. Iðn:

Sjá aths. við 6. gr. hér að framan.

Aths.VÍ:

Sjá aths. við 6. gr. hér að framan.

Aths. NS:

Ekki er fallist á að fella alveg brott ákvæðið eins og NS vilja, enda er tilgangur þess að skapa ákvæðið jafnvægi í skyldum kaupanda og seljanda þjónustu. Hins vegar kann mjög oft niðurstaðan að verða sú að með hliðsjón af atvikum og vitneskju seljanda þjónustu þá sé ekki sanngjarnt að neytanda sé gert að greiða útlagðan kostnað, sbr. t.d. ef atvik eru með þeim hætti sem NS nefna í dæmi sínu. Það er þó ekki rétt að ákvæðið hverfi alveg brott því það kunna að koma upp tilvik þar sem að slíkt væri sanngjarnt.

**9. gr.**

Aths.VÍ:

Athygli er vakin á því að skv. eldri löggjöf þá er það rétt að gallahugatakinu hefur verið lýst með afar einföldum hætti. Þetta er ekki talið lengur fullægjandi í löggjöf um kaup í lok 20. aldar enda hefur þjóðfélagsumgjörðin breyst mjög. Nægir í því sambandi að vísa til sambærilegra ákvæði í frv. til laga um kaup 17.- 21. gr. þar sem gallahugatakinu er nú mun nánar lýst en gert hefur verið í eldri lögum.

Aths. nefndarritara:

Ráðuneytið tekur undir að 5. tl. 1.mgr. 9. gr. er óskiljanlegur. Í drögum að frv. var þessi tl. orðaður á annan hátt og hefur hann að hluta til brenglast á einhverju stigi. Ráðuneytið leggur til að notað verði orðalag úr vinndrögum sem er eftirfarandi:

“5. árangur verks eða þjónustu verður minni eða hefur minna notagildi en ella eftir að *áhætta flyst aftur til hans* og rekja má orsök þess til vanrækslu seljanda”.

Aths. NS:

Ekki er talin ástæða til að brott verði felld 2. mgr. 9. gr.

#### **10. gr.**

Aths. VÍ:

Ekki er talin ástæða til að fella brott ákvæðið.

#### **11. gr.**

Aths. LMFÍ:

Almennar reglur kröfuréttarins mæla fyrir um að réttur til að halda eftir eigin greiðslu eigi að vera í samræmi við þann galla sem um er að ræða eins og segir í umsögn LMFÍ.

Hins vegar er um sérstöðu að ræða við kaup á þjónustu því þar er meginreglan sú að ekki á að greiða fyrir viðgerð o.þ.u.l. fyrr en verkinu er lokið og það er afhent kaupanda þjónustunnar. Ástæða hefur þótt til þess af neytendaverndarsjónarmiðum að veita neytendum eins rúma tryggingu og unnt er svo að sú þjónusta sem þeir kaupa, sé innt af hendi með fullnægjandi hætti. Þess vegna er ekki talin ástæða til að breyta ákvæðinu með þeim hætti sem lesa má út úr umsögn LMFÍ.

#### **12. og 16. gr.**

Aths. VÍ:

Ekki er fallist á að það sjónarmið að betur fari að fella saman framangreind ákvæði.

#### **14. gr.**

Aths. LMFÍ:

Ekki er fallist á að orðalag sé hér óskýrt.

Aths. VÍ:

Ekki ástæða til að breyta orðalagi greinarinnar, - enda engin efnisbreyting í aths. og greinin eins og hún er telst veita meiri upplýsingar að því er varðar aðstöðu við riftun, heldur en felst í till. VÍ.

#### **17. gr.**

Aths. Samt. Iðn:

Ráðuneytið er sammála því sjónarmiði að ákveðins samræmis sé gætt milli þessa frv. og frv. til laga um kaup varðandi hámarkstíma sem koma má að kvörtun vegna galla, o.þ.h. Til samræmis við frv. til laga um kaup þá er rétt að hafa frestinn óbreyttan, þ.e. 2 ár.

Aths. VÍ:

a. Varðandi tímalengd tilkynningarfests sjá aths. hér á undan v. aths. Samt. Iðn. Ráðuneytið telur ekki rétt að bætt verði við 2. mgr. þeirri setningu sem gerð er tillaga um í umsögn VÍ að því er varðar vinnu við efni sem endast eiga lengi.

b. aths. varðandi 3. mgr:

Ekki talin ástæða til að breyta frá tilvísun til almennra viðskiptahátta og setja þess í stað aðeins tilvísun til þess að seljandi hafi haft í frammi “svik”.

Aths. NS. varðandi viðbótar máls. gr. er verði 4. mgr. NS:

Ráðuneytið fellst ekki á tillögu NS um að bætt verði inn málsgr. sem verði ný 4. mgr.

### 19. gr.

Aths. VÍ:

Markmið þessa ákvæðis er að setja nánari reglur og þar með veita (í lögum) nánari leiðbeiningu um að ekki sé heimilt semja um að verki sé skilað í áföngum á því sviði sem frumvarp þetta tekur til ef það er bersýnilega ósanngjarnt með hliðsjón af framkvæmd og eðli verksins. Til dæmis kann að vera fullkomlega eðlilegt að pípulagningarmaður skili ekki að fullu verki sem samið hefur verið um fyrir en að t.d. flísalagningarmaður hefur lokið sínu verkefni. Hins vegar má nefna sem dæmi að það væri ósanngjarnt af seljanda þjónustu að óska eftir verki sé skilað síðar þar sem hann “hafi ekki tíma til að ljúka því”. Einnig gæti verið ósanngjarnt ef aðalverktaki sem hefur umsjón með verki lýkur sínum faglega þætti í verkefni án þess að undirverkefnum sé að fullu lokið.

Sem fyrr segir er að markmiðið að setja skýrari reglur um þetta atriði sem jafnframt stuðli að því að neytendum sé ekki gert að sæta allskyns töfum sem kunna að vera ósanngjarnar. Ráðuneytið fellst því ekki á að felldur verði brott 2. ml. 1. mgr.

Aths. nefndarritara:

Ráðuneytið er sammála till. um að umorða hluta 3. mgr. þ.e. í stað orðanna “verður áhættan þar með hans” komi “*færist áhættan til hans*”

### V. KAFLI (20 – 24. gr.)

Aths. nefndarritara:

Ráðuneytið er sammála að nota eigi fremur lögfræðilega hugtakið “afhendingardráttur” í þessum kafla frv. (en þó síður orðið “skiladráttur” sem ritari leggur til). Heiti kaflans ætti því að breytast og verða t.d.

“*Afhendingardráttur seljanda þjónustu*”.

Í samræmi við ofangreint þarf þá að samræma orðanotkun í kaflanum, t.d. í 2. málsl. 1. og 2. mgr. 20. gr., sbr. aths. nefndarritara. Einnig í 23. og 24. gr.

### 21. gr.

Aths. Samt. Iðn:

Ekki er talin þörf á að setja sambærilegt ákvæði fyrir seljanda þjónustu. Yfirleitt er um að ræða að seljandi þjónustu lofar að inna af hendi “vinnu við lausafjármun”, sbr. 1. gr. frv.

Skv. almennum reglum er ekki unnt að krefjast vinnuframlags (t.d með innsetningu) af einhverjum sem ekki vill inna verk af hendi.

**22. gr.**

Aths. VÍ:

Fallist er á að inn í 2. ml. 1. mgr. verði skotið orðinu “ógallaða” þannig að setningin hefjist svo: “*Fyrir ógallaða vinnu...*”

**23. gr.**

Aths. LMFÍ:

Ráðuneytið telur að athugasemd LMFÍ eigi rétt á sér. Þegar frv. var samið kom fram sú ósk frá Samtökum iðnaðarins að seljandi þjónustu ætti að eiga sambærilegan rétt til bóta og neytandi. Ráðuneytið telur rétt að 3. mgr. verði umorðuð og orðist þannig:

*"Seljandi þjónustu á kröfu með sama hætti og neytandi, og að uppfylltum sömu skilyrðum og kveðið er á um í þessari grein."*

Aths. VÍ:

Ekki fallist á að þörf sé til þess að sameina 1. og 2. mgr.

**24. gr.**

Aths. VÍ:

Sjá aths. við 17. gr.

**25. – 26. gr.**

Aths. VÍ:

Ekki ástæða til að gera breytingu á frv.

**29. gr.**

Aths. VÍ:

Ekki fallist á að fella eigi brott þetta ákvæði. Í sumum ríkjum eru sett föst viðmiðunarmörk, þannig er í sænskum lögum um þetta sama efni kveðið svo á að verðið megi ekki fara meira en sem nemur 15% fram úr verðáætlun.

**30. gr.**

Aths. VÍ:

Ráðuneytið telur rétt að halda ákvæðinu inni enda er það í samræmi við (óskráðar) meginreglur kröfuréttarins.

**31. gr.**

Aths. VÍ:

Ekki er fallist á að ákvæði um leiðbeiningarskyldu seljanda taki alfarið á þessu máli og veitir ákvæðið einnig meiri leiðbeiningu varðandi þetta atriði.

**32. gr.**

Aths. VÍ:

Ákvæðið er talið veita þarfa leiðbeiningu um þetta atriði. Ætti ekki að fella brott.

Aths. nefndarritara:

Ráðuneytið er sammála tillögu ritara um að sleppa niðurlagi greinarinnar og *fella brott* orðin “ nema neytandi hafi sannanlega haft vitneskju um að þau væru það ekki”.

**33. gr.**

Aths. VÍ:

Talið er rétt að halda ákvæðinu inni enda er það í samræmi við (óskráðar) meginreglur kröfuréttarins

**34. gr.**

Aths. VÍ:

Ráðuneytið telur ekki ástæðu til umröðunar á ákvæðum þessarar greinar.

Með þessari grein er verið að tryggja að neytandi eigi ávallt rétt til þess að fá sundurliðaðan reikning. Ekki er stefnt að því að takmarka rétt neytanda en ef ákvæðið er skilið svo, sbr. aths. VÍ, þá þarf að kanna e.t.v. betur orðalag í upphafssetningu greinarinnar.

Aths. NS:

Ráðuneytið telur ekki ástæðu til að ganga svo langt eins og lagt er til í tillögum NS um að bæta við nýrri 3. mgr.

**36. gr.**

Aths. VÍ:

Ákvæðið er ekki óþarft og ætti því ekki að falla brott.

Aths. nefndarritara sbr. 3. mgr. 36. gr:

Ráðuneytið er sammála ritara að það sé rétt að umorða upphaf þessarar málsg. t.d. þannig:

“*Greiðsluskyllda* neytanda skv. 1. og 2. mgr....osfrv.”

**2. másl. 2. mgr. 37. gr. sbr. 38. gr.**

Aths. LMFÍ:

Það kann að vera rétt að 2. másl. 2. mgr. 37. gr. eigi efnislega samleið með ákvæðum í 38. gr. Í 38. gr. verið að taka á því þegar seljandi þjónustu er að “losa” sig við hlut án þess að hafa af því hagnað eða þarf að farga honum. Af þessari ástæðu er efninu skipað með þessum hætti, en einnig til að betri heildarmynd fái í 37. gr. Ráðuneytið telur því ekki rétt að umræða þessum atriðum.

**2.mgr. 37. gr.**

Aths. NS:

Ekki er talin ástæða til að bæta slíku ákvæði við enda í fastar venjur yfirleitt í viðgerðarþjónustu o.fl. að þessu leyti.

**38. gr.**

Aths. NS:

Óparfi að bæta við ákvæði, - sjá aths. við 37. gr.

**39. gr.**

Aths. VÍ, NS og nefndarritara:

Ráðuneytið telur að *fella megi brott ákvæðið*, sbr. tilvísun til 3. gr. frv.**40. gr.**

Aths. LMFÍ:

Ráðuneytið telur rétt að breyta eigi orðinu “ritsíma” í “símskeyti”.

Aths. VÍ:

Ekki er fallist á tillögu VÍ að breyttu orðalagi greinarinnar.

**41. gr.**

Aths. VÍ:

Rétt aths.

Hér var ekki ætlunin að ákvæðið hljóðaði svo við samþykkt frá Alþingi. Í þessu orðalagi var falin ráðgerð, eða tillaga um að frumvarp þetta myndi ekki öðlast “þegar gildi” heldur væri gildistaka a.m.k. sex mánuðum eftir að það væri samþykkt sem lög frá Alþingi, eða annar og lengri frestur veittur, telji Alþingi ástæðu vera til þess. Við undirbúning frumvarpsins, og einnig er það álit ráðuneytisins, að mikilvægt er að hafa slíkan aðlögunarfrest, þannig að unnt verði að kynna hin nýju ákvæði vel fyrir öllum sem kunna að hafa hagsmuna að gæta, ekki hvað síst fyrir ýmsum seljendum þjónustu.

\* \* \* \* \*